

Rangárþing ytra

Haraldur Birgir Haraldsson

Reykjavík, 20. september 2024

Tilvísun:202409061 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytt aðalskipulag og nýtt deiliskipulag þar sem frístundasvæði F2 er breytt í landbúnaðarsvæði, Rangárþing ytra

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 12. september 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 29. ágúst 2024 vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga ef það á við.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar er að fella út frístundasvæði F72 og skilgreina landbúnaðarsvæði.

Samhliða verði unnið nýtt deiliskipulag. Fyrirhugað er að sameina jarðirnar Hallstún (17.9 ha), Hallstún land (2,2 ha) og Hallstún land (14,9 ha) og byggja þar upp til fastrar búsetu þar sem stundaður verður landbúnaður og atvinna tengd hestamennsku. Skilgreindar verða byggingarheimildir, settir skilmálar og gert grein fyrir veitumálum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar og minnir á eftirfarandi atriði:

Stafrænt aðalskipulag

- Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Stafræn afmörkun deiliskipulags

- Minnt er á að þegar deiliskipulagstillaga verður lögð fram í Skipulagsgátt til athugunar eftir auglýsingu þarf að fylgja afmörkun deiliskipulagsins á stafrænu formi ef við á, fyrir birtingu í Skipulagsvefsjá.

Berglind Sigurðardóttir

* Rafraen skilríki



Berglind Sigurðardóttir

Berglind Sigurðardóttir
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með OneSign